

Stjórn Dvalarheimilsins Hvamms sf.  
3. stjórnarfundur 14.11.2018

Mætt: Jón Helgi Björnsson, Arnór Benónýsson, Aðalsteinn Jóhannes Halldórsson, Bergur Elías Ágústsson, Heiðbjört Ólafsdóttir, Kristján Þór Magnússon og Sigurður Böðvarsson  
Gestir: Hildur Sveinbjörnsdóttir

#### Fundargerð

##### 1. Skýrsla framkvæmdastjóra

Jón Helgi fór yfir stöðu mála í rekstrinum og gerði stuttlega grein fyrir framvindu fjárhagsáætlunarvinnu o.fl.

##### 2. Gæðavísar hjúkrunar í Hvammi

Hildur Sveinbjörnsdóttir fór yfir gæðavísa sem fylgst er með hvað varðar heilsufar heimilisfólks sl. eitt og hálft ár. Yfirferðin ber vitni um góða umönnun í Hvammi. Það ber að þakka góðu og traustu starfsfólki sem stjórn þakkar fyrir vel unnin störf.

##### 3. Rekstraráætlun fyrir árið 2019

Jón Helgi fór yfir áætlun ársins 2019 og kynnti áætlaðar breytingar á tekjum og gjöldum. Rekstur vistdeilda er í jafnvægi en gert er ráð fyrir örlitum afgangi af þeim rekstri í útkomuspá ársins í ár. Stjórn samþykkir að farið verði í endurbætur á herbergi á 1. hæð í Hvammi eins og kynnt var á fundinum og að farið verði í endurnýjun á nauðsynlegum léttum búnaði, enda gert er ráð fyrir því í fjárhagsáætlun ársins 2019.

##### 4. Samningar við HSN

Fyrir stjórn liggja tveir samningar við Heilbrigðisstofnun Norðurlands, annarsvegar um heilbrigðispjónustu og hinsvegar um stjórnun. Stjórn samþykkir samningana og veitir stjórnarformanni umboð til að undirrita þá.

##### 5. Frumathuganarskýrsla vegna nýs hjúkrunarheimilis á Húsavík – staða mála og næstu skref

Stjórn lýsir yfir ánægju með málið og að það sé komið á þetta stig. Stjórn hvetur stjórnvöld til að halda þétt utan um framvindu þess svo að framkvæmdir geti hafist sem fyrst.

##### 6. Ábending frá félagsþjónustu Norðurbings vegna smíðaaðstöðu í Hvammi

Stjórn felur framkvæmdastjóra að kanna leiðir og kostnaðarmeta til betri loftræstingar í smíðaaðstöðu í kjallaranum í Hvammi.

##### 7. Búseturéttar íbúðir Hvamms.

Stjórn felur stjórnarformanni að leita eftir ráðgjafa til vinnu við framtíðaráform rekstrarfyrirkomulags búseturéttaríbúðanna.

Fundi slitið 15:51.

Heiðbjört Ólafsdóttir  
Sigrún Ólafsdóttir  
Aðalsteinn J. Halldórsson  
Bergur Elías Ágústsson  
Jón Helgi Björnsson